

Áfram vöxtur í tæknifyrirtækjum í sjávarklasanum

Uppgangur heldur áfram í vexti margra tæknifyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi. Vexti greinarinnar er haldið uppi af stærstu fyrirtækjunum en mörg hinna minni sjá tækifæri til vaxtar. Tækifærin til vaxtar eru í áframhaldandi róbótavæðingu, yfirtökum eða sameiningu fyrirtækja.

Árið 2019 var gott ár að flestu leyti í rekstri tæknifyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi og fiskeldi, ekki síst á meðal þeirra stóru. Pantanabækur voru stórar og útlit inn í framtíðina mjög gott. Mörg minni fyrirtæki með sérhæfðari lausnir, áttu einnig gott ár og sum juku veltuna umtalsvert á milli árána 2018-2019.

Stærri rekstrareiningar fyrirtækjanna, sem boðið geta heildstæðar lausnir, virðast styrkja sig enn meira í alþjóðlegri samkeppni. Stærstu fyrirtækin í tæknilausnum fyrir fiskvinnslu, Marel, Skaginn3X og Valka, héldu áfram að eflast. Þá hafa önnur íslensk alþjóðafyrirtæki eins og Hampiðjan haldið áfram að vaxa og skila góðum ábata. Einnig er ánægjulegt að sjá fyrirtæki með ýmsar sérlausnir eflast. Þar er um að ræða m.a. fyrirtæki í sölu á rafvindum, veiðarfærum, rekjanleikalausnum og kælingu svo eitthvað sé nefnt.

Aukið markaðsstarf

Ein af þeim breytingum sem sjá má með öflugri fyrirtækjum og samruna fyrirtækja á þessu sviði, er að nú ber mun meira á því að tæknifyrirtækin séu með innan sinna raða öflug teymi sem sinna nú meira ímynd fyrirtækjanna og víðtækara markaðsstarfi en áður þekktist. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að tæknifyrirtækin hafa stækkað og þau hafa meira afl í markaðsstarfsemi. Að mati viðmælenda eru ástæður þó einnig þær að viðskiptavinahópurinn hefur stækkað og breikkað. Breiðari hópur viðskiptavina kallar á ólíka markaðssetningu og söluaðferðir. Stór fiskeldisfyrirtæki,

eru til að mynda öðruvísi kúnnar en sjávarútvegsfyrirtæki sérstaklega utan Íslands. Fiskeldisfyrirtæki eru meiri „framleiðslufyrirtæki“ en sjávarútvegsfyrirtækin og það krefst annars konar markaðs- og sölustarfsemi.

Ólíkar ástæður vaxtar

Mjög ólíkar ástæður eru fyrir uppgangi tæknifyrirtækja. Sum hafa vaxið hratt í tækni fyrir fiskeldi, önnur í heildstæðum lausnum fyrir landvinnslu í hvít- eða uppsjávarfiski eða skipum. Þá er fyrirtæki, sem bjóða lausnir í upplýsingatækni, vöktun, kælingu ofl sem hlotið hafa góðan hljómgrunn. Loks eru enn fleiri fyrirtæki, sem hófu þróunarstarf sitt á sviði þjónustu við sjávarútveg að teygja anga sína inn á stöðugt breiðara svið matvæla- og heilsuefnaframleiðslu, -eftirlits og gæðamála, -upplýsingatækni o.fl.

Áhugavert er að skoða hversu mög fyrirtæki, sem hófu starfsemi í tengslum við íslenskan sjávarútveg, hafa fært úr kvíarnar og bjóða núna lausnir fyrir ýmsa aðra starfsemi. Í mörgum tilfellum er velta þessara fyrirtækja á öðrum sviðum en sjávarútvegi og fiskvinnslu, orðin mun meiri en til stóð í upphafi. Nefna má í þessu sambandi fyrirtæki í vinnslutækni, vöktunarlausnum, eftirlitskerfum og kælingu svo eitthvað sé nefnt.

Tæknilausnir í hvítfiski hafa reynst góðar undirstöður fyrir þróun tæknibúnaðar fyrir eldisfisk. Ólíkt öðrum vexti tæknifyrirtækja hefur uppgangurinn í fiskeldistækni ekki verið nema að takmörkuðu leyti knúinn áfram af innlendri eftirspurn, enda er mikill

vöxtur í fiskeldi hérlendis ný tilkominn, heldur góðu samstarfi við m.a. fiskeldisfyrirtæki í Noregi. Íslensku fiskeldisfyrirtækin eru þó að komast á þann stað að líklegt má telja að innan fárra ára muni þau verða komin með umtalsverða vinnslu hérlendis og í því felast ýmis tækifæri fyrir tæknifyrirtækin.

Innlend útgerð þýðingarmikil

Enn og aftur reynist afar þýðingarmikið hversu ríka áherslu íslensk útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki leggja á tækniframfarir og nýjungar. Sú þróunarvinna, sem unnin hefur verið hérlendis í samvinnu útgerða og tæknifyrirtækja, leiðir ekki aðeins til aukinna gæða og framleiðniaukningar í sjávarútvegnum heldur opnar dyr fyrir íslensk tæknifyrirtæki að kynna framúrskarandi nýjungar á erlendum vettvangi. Nær öll stærstu sjávarútvegsfyrirtækin hafa fjárfest af krafti í fullkomnari vinnslum en einnig hafa erlend fiskeldisfyrirtæki og sjávarútvegsfyrirtæki í nágrannalöndunum stuðlað að áframhaldandi velgengni tæknifyrirtækjanna.

Fjöldinn svipaður og fáar sameiningar

Samkvæmt athugun Sjávarklasans er fjöldi tæknifyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi og fiskeldi svipaður og síðustu ár eða um 65 fyrirtæki. Litlar sameiningar hafa átt sér stað þrátt fyrir að árangur þeirra fáu sameininga, sem orðið hafa á undangengnum árum hafa skilað umtalsverðum árangri. Í því sambandi má nefna sameiningu Skagans og 3X. Marel keypti helmingshlut í íslenska tæknifyrirtækinu Curio á árinu og styrkti þannig stöðu sína í tækni tengdri hvítfiskvinnslu.

Marel hefur algera sérstöðu á meðal íslenskra tæknifyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi í erlendum yfirtökum. Flest þeirra fyrirtækja, sem hafa verið tekin yfir, tengjast þó öðrum matvælagreinum en fiskvinnslu, en alþjóðlegur vöxtur Marels hefur margháttuð og jákvæð áhrif á ýmsa stöðstarfsemi við Marel hérlendis.

Störfum fjölgar

Í fyrstu greiningum klasans á tæknifyrirtækjum var ljóst að vöxtur var mikill en störfum fjölgaði ekki að sama skapi. Ljóst var að eftir mögur ár var svigrúm til að nýta tækjabúnað og mannafla tæknifyrirtækjanna betur. Síðustu misseri hafa þó einkennst af töluverðri fjölgun starfsmanna, stækkun húsnæðis ofl. Fjölgun starfsmanna er síðan bæði í framleiðslu en ekki síður í

sölunetinu. Það á aðallega við um þau fyrirtæki sem velta mestu og einnig minni fyrirtæki sem voru einmenningisfyrirtæki fyrir 2-3 árum en eru núna með 5-8 starfsmenn.

Róbótavæðing bætir samkeppnisstöðu

Að mati viðmælenda hefur róbótavæðingin og gervigreind henni tengd verið ein helsta ástæða þeirrar sterku stöðu sem íslensku tæknifyrirtækin hafa náð í starfsemi sinni. Þó er bent á að enn sé töluvert í að tæknifyrirtækin tengi allt sitt starf við róbótavæðingu – enn sé róbótaþróun deildaskipt í fyrirtækjunum en ekki orðin partur af allri fyrirtækjastarfseminni.

Ráðgjöf eykst lítið

Þrátt fyrir að jákvæð þróun hafi orðið með aukinni samvinnu einstakra tæknifyrirtækja, þá er mjög lítið þróun í íslenskri ráðgjöf tengdri sjávarútvegi utan Íslands. Einn viðmælandi orðaði það svo að á meðan íslensk verkfræði- og ráðgjafafyrirtæki bíða eftir stórum virkjanaf framkvæmdum, sem ekki eru líklegar, þá hafa ráðgjafar fyrirtæki á Norðulöndum og annars staðar í Evrópu, náð umtalsverðri fótfestu í alþjóðlegri ráðgjöf í haftengdri starfsemi. Líklegri skýring á slakri stöðu ráðgjafaiðnaðarins á þessu sviði hérlendis er veik fjárhagsleg staða stóru íslensku verkfræðistofanna og mögulega rekstrarform þeirra. Hér eru mikil tækifæri sem vert er að gefa gaum.

Utanríkisráðuneytið hefur stigið skynsamleg skref við að efla íslenska ráðgjöf á þessu sviði í þróunarlöndunum og er það vel. Þar feta íslensk stjórnvöld í fótspor nágrannalanda okkar sem hafa lagt kapp á að nýta þróunarstyrki til að auka útflutning innlendrar ráðgjafar og búnaðar.

Rekjanleiki

Ný tækni mun áfram ryðja sér til rúms í sjávarútvegi eins og öðrum greinum. Eins og áður hefur komið fram í greiningum Sjávarklasans, er ólíklegt að bæta megi nýtingu flaka jafn mikið og ný tækni hefur gert undanfarin 20 ár. Ný tækni mun snúa að meiri gæðum, rekjanleika, viðskiptum með fisk, markaðs- og sölumálum, umhverfistækni ofl. Þar verður einna helst horft til áframhaldandi sjálfvirknivæðingar og róbótalausna. Efling íslensku tæknifyrirtækjanna á þessum sviðum og samstarf þeirra og útgerða og fiskeldisfyrirtækja, er mikilvægt á þessu stigi.

Vonandi tekst íslenskum tæknifyrirtækjum að festa sig í sessi sem spennandi valkostur fyrir nýja tækniþróun fyrir fiskeldi þrátt fyrir að bróðurpartur fiskeldisfyrirtækjanna, sem hér eru starfrækt, séu í eigu norskra aðila.

Mörg tækifæri en þó óvissa framundan

Hvað kemur á eftir fjárfestingarbylgjunni í fiskvinnslu hérlendis og í rússneskum sjávarútvegi? Munu aðrir markaðir opnast meira, eins og sjávarútvegur á vesturströnd Bandaríkjanna eða í Asíu? Mun íslensku fyrirtækjunum í enn meira mæli takast að bjóða lausnir langt út sjávarútveg; í öðrum matvælagreinum, heilbrigðisgeiranum o.s.frv?

Fyrstu spurningunni má svara á þá leið að enn eru mikil tækifæri á nærmörkuðum okkar eins og í Rússlandi og Noregi. Líklegt má telja að Norðmenn muni leggja kapp á að auka sjálfvirkni í vinnslu á fiski heima fyrir og þannig draga úr flutningum á fiski til Kína og annarra landa til áframvinnslu. Aðrir og fjarlægari markaðir munu án ef opnast á komandi árum en þeir krefjast töluverðrar fjárfestingar í markaðs- og sölumálum.

Með öflugri tæknifyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskeldi hérlendis, er ljóst að fjárhagslegur styrkleiki þeirra og heildstæðar lausnir gera þeim betur kleift að sækja út fyrir hefðbundnari markaði og viðskiptavinahópa. Fjölbreytt vöruframboð gerir framtíðarhorfur þessara fyrirtækja áfram bjartar.

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við Þór Sigfússon í síma 6186200 eða Bertu Daníelsdóttir í síma 6986200.